

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2018/990****2021/EES/37/04****frá 10. apríl 2018**

**um breytingu á og viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 að því er varðar einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun (STS-verðbréfun) og eignatryggð skammtímabréf, kröfur um eignir sem móttæknar eru sem hluti af endurhverfri verðbréfasölu og aðferðafræði við lánshæfismat (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 frá 14. júní 2017 um peningamarkaðssjóði <sup>(1)</sup>, einkum 11. gr. (4. mgr.), 15. gr. (7. mgr.) og 22. gr.*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131 er peningamarkaðssjóðum heimilað að fjárfesta í verðbréfunum eða eignatryggðum skammtímabréfum (ABCP). Sérstakur hvati er til að fjárfesta í einföldum, gagnsæjum og stöðluðum verðbréfunum (STS-verðbréfun) eða eignatryggðum skammtímabréfum. Þar sem reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 <sup>(2)</sup> hefur nú þegar að geyma kröfur fyrir STS-verðbréfanir og eignatryggð skammtímabréf þarf að breyta reglugerð (ESB) 2017/1131 til að millivíska í ákvæði reglugerðar (ESB) 2017/2402 sem innihalda þessar kröfur.
- 2) Endurhverf verðbréfasala gerir peningamarkaðssjóðum kleift að hrinda fjárfestingaráætlun sinni og -markmiðum í framkvæmd samkvæmt skilmálum reglugerðar (ESB) 2017/1131. Í þeirri reglugerð er gerð krafa um að mótaðilinn í endurhverfri verðbréfasölu hafi lánshæfi og að eignirnar, sem móttæknar eru sem veð, séu af nægum seljanleika og gæðum til að peningamarkaðssjóðir geti náð markmiðum sínum og uppfyllt skuldbindingar sínar, komi til þess að innleysa þurfi slíkar eignir. Stöðluðu samningarnir sem notaðir eru fyrir endurhverfa verðbréfasölu geta stuðlað að því markmiði að stýra mótaðilaáhættu. Tiltæknir skilmálar geta þó gert eignirnar sem undirliggjandi eru endurhverfri verðbréfasölu óaðgengilegar rekstraraðilum peningamarkaðssjóða og þess vegna illseljanlegar. Því er nauðsynlegt að tryggja að eignirnar séu tiltækar rekstraraðilum peningamarkaðssjóða, komi til vanskila eða snemmbærra slita endurhverfrar verðbréfasölu, og að mótaðilinn takmarki ekki eignasöluna með því að krefjast fyrirframtilkynningar eða -samþykkis.
- 3) Rekstraraðilum peningamarkaðssjóða ætti ekki að vera skylt að beita sérstakri aðlögun á virði eignar (frádragi) ef mótaðilinn í endurhverfri verðbréfasölu fellur undir varfærnisreglur samkvæmt lögum Sambandsins. Til að tryggja að veðið sem veitt er í endurhverfri verðbréfasölu sé af miklum gæðum skulu rekstraraðilar peningamarkaðssjóða beita viðbótarkröfum þegar mótaðilinn í sölnunni fellur ekki undir lög Sambandsins eða er ekki viðurkenndur sem jafngildur.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 177, 13.7.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stj. 169, 30.6.2017, bls. 8.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun, og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 (Stj. 347, 28.12.2017, bls. 35).

Til að tryggja samræmi í lögum Sambandsins ættu lágmarkskröfurnar um frádrag að vera þær sömu og samsvarandi kröfur sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 <sup>(1)</sup>.

- 4) Rekstraraðilar peningamarkaðssjóða ættu að geta beitt hærra frádragi en lágmarkinu sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ef þeir telja það nauðsynlegt til að tryggja að veðið, sem móttakið er sem hluti af endurhverfri verðbréfasölu, sé nægilega seljanlegt, ef markaðsaðstæður krefjast þess. Þeir ættu einnig að vakta og endurskoða fjárhæð frádragsins sem farið er fram á til að tryggja viðeigandi seljanleikastig, einkum þegar frádragsfjárhæðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 224. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er endurskoðuð eða eftirstöðvatími eignanna eða aðrir þættir sem tengjast rekstrarhæfi mótaðilans hafa breyst.
- 5) Aðferðafræðin við lánshæfismat sem um getur í 3. mgr. 19. gr. ætti að vera nægilega varfærin til tryggja að allar eigindlegar og megindlegar viðmiðanir sem styðja lánshæfismót séu áreiðanlegar og viðeigandi til að meta lánshæfi fjárfestingarhæfra gerninga á tilhlýðilegan hátt. Auk þess ætti að tryggja að þjóðhagslegir og rekstrarhagfræðilegir þættir sem rekstraraðilar peningamarkaðssjóða taka tillit til í lánshæfismati skipti máli þegar ákvarðað er um lánshæfi útgefanda eða fjárfestingarhæfs gernings.
- 6) Til að tryggja að gerningarnir sem rekstraraðilar peningamarkaðssjóða hyggjast fjárfesta í séu af nægum gæðum ættu rekstraraðilar peningamarkaðssjóða að meta lánshæfi í hvert sinn sem þeir hyggjast fjárfesta. Til að hindra að farið sé í kringum kröfuna í reglugerð (ESB) 2017/1131 um að rekstraraðilar peningamarkaðssjóða fjárfesti eingöngu í gerningum sem hafa fengið jákvætt lánshæfismat, ættu rekstraraðilar peningamarkaðssjóðs, sem hluti af aðferðafræðinni við lánshæfismat, að koma á með skýrum hætti viðmiðunum fyrir jákvæðu mati á gerningum sem eru fjárfestingarhæfir fyrir peningamarkaðssjóð áður en eiginlega lánshæfismatið er framkvæmt.
- 7) Aðferðafræðin og viðmiðanirnar sem notaðar eru við lánshæfismót ættu að vera samræmdar nema þegar málefnaleg ástæða er fyrir að víkja frá aðferðafræðinni eða viðmiðununum. Þróa ætti viðmiðanirnar og aðferðafræðina fyrir endurtekna notkun og ekki eingöngu í sérstöku tilviki á tilteknum tíma. Samræmd notkun viðmiðananna og aðferðafræðinnar ætti að gera vöktun á lánshæfismatinu auðveldari.
- 8) Til að tryggja rétta mælingu á útlánaáhættu útgefandans, og hlutfallslegri vanskilaáhættu útgefandans og gerningsins, eins og krafist er skv. a-lið 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131, ættu rekstraraðilar peningamarkaðssjóða að nota viðeigandi megindlegar viðmiðanir sem tiltækar eru á markaðnum. Ekki ætti þó að koma í veg fyrir að þeir noti viðbótarþætti, ef við á.
- 9) Lánshæfismat útgefandans er eitt af mikilvægustu mötunum sem gera á, þar sem það veitir fyrsta stig tryggingar á gæðum eignanna. Að svo miklu leyti sem mögulegt er ættu rekstraraðilar peningamarkaðssjóða þess vegna að taka tillit til allra þátta sem máli skipta fyrir mat á eigindlegum og megindlegum útlánaáhættuviðmiðum fyrir útgefanda gernings.
- 10) Í undantekningartilvikum, einkum við markaðsaðstæður undir álagi, ættu rekstraraðilar peningamarkaðssjóða að geta tekið fjárfestingarákvarðanir sem ganga framar niðurstöðu lánshæfismats ef slíkar fjárfestingarákvarðanir þjóna hagsmunum fjárfesta, að því tilskildu að þessar ákvarðanir séu réttlætanlegar og skjalfestar á tilhlýðilegan hátt.
- 11) Þar sem gæði gerninga geta verið breytileg yfir tíma ætti lánshæfismatið ekki að vera eitt einstakt mat heldur endurtekið stöðugt. Að auki ætti að endurskoða það, einkum þegar verulegar þjóðhagslegar og rekstrarhagfræðilegar breytingar hafa átt sér stað, eins og um getur d-lið 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131, sem geta haft áhrif á núverandi lánshæfismat gerningsins.
- 12) Rekstraraðilar peningamarkaðssjóða ættu ekki vélrænt að reiða sig um of á ytri lánshæfismót. Þegar lánshæfismatsfyrirtæki færir lánshæfi eða lánshæfishorfur, sem gefnar eru útgefanda eða gerningi, niður um flokk ætti því eingöngu að teljast veruleg breyting ef slíkt hefur verið vegið og metið út frá öðrum viðmiðunum. Af þessum sökum ættu rekstraraðilar samt sem áður að þurfa að framkvæma eigið mat, jafnvel þegar slík færsla niður um flokk á sér stað.
- 13) Veðið sem veitt er sem hluti af endurhverfri verðbréfasölu ætti að vera af miklum gæðum og ekki sýna mikla fylgni við árangur mótaðilans. Lánshæfismat þess ætti þess vegna að vera jákvætt. Þar sem engin ástæða er til að greina á milli mata sem rekstraraðilar peningamarkaðssjóða gera þegar fjárfest er beint í hæfum eignum og matsins sem gert er þegar þeir taka við eign sem veði, ætti lánshæfismatið að byggja á sömu viðmiðunum í báðum tilvikum.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

- 14) Í reglugerð (ESB) 2017/1131 eru tilgreindar þrenns konar valdheimildir til handa framkvæmdastjórninni til að skýra og breyta tilteknum ákvæðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Þessar valdheimildir hafa þann sameiginlega tilgang að tryggja að peningamarkaðssjóðir fjárfesti í viðeigandi hæfum eignum. Til að tryggja samfellu og samræmi þessara krafna og til að gefa fólki, sem fellur undir þær, yfirsýn og aðgang að þeim á einum stað ættu þessar kröfur að vera felldar í eina reglugerð.
- 15) Samræma ætti dagsetninguna þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda við dagsetninguna þegar reglugerð (ESB) 2017/1131 kemur til framkvæmda til að tryggja að allar reglur og kröfur um peningamarkaðssjóði gildi frá og með sama degi. Breytingarákvæðin með millivísununum til viðmiðananna fyrir STS-verðbréfanir og eignatryggð skammtímabréf ættu að koma til framkvæmda sama dag og reglugerð (ESB) 2017/2402 kemur til framkvæmda.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

#### 1. KAFLI

### VIÐMIÐANIR TIL AÐ STOFNA EINFALDA, GAGNSÆJA OG STAÐLAÐA (STS) VERÐBRÉFUN EÐA EIGNATRYGGT SKAMMTÍMABRÉF

(Ákvæði 7. mgr. 15. gr. Reglugerðar (ESB) 2017/1131)

*1. gr.*

#### Breyting á reglugerð (ESB) nr. 2017/1131

Í stað c-liðar 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1131 komi eftirfarandi:

- „c) einföld, gagnsæ og stöðluð (STS) verðbréfun, eins og ákvörðuð er í samræmi við viðmiðanirnar og skilyrðin sem mælt er fyrir um í 20., 21. og 22. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 (\*), eða einfalt, gagnsætt og staðlað eignatryggt skammtímabréf, eins og ákvarðað er í samræmi við viðmiðanirnar og skilyrðin sem mælt er fyrir um í 24., 25. og 26. gr. þeirrar reglugerðar.

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun, og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtfð. ESB L 347, 28.12.2017, bls. 35)‘.

#### 2. KAFLI

### MEGINDLEGAR OG EIGINDLEGAR LÁNSHÆFISKRÖFUR FYRIR EIGNIR SEM MÓTTEKNAR ERU SEM HLUTI AF ENDURHVERFRI VERÐBRÉFASÖLU

(Ákvæði 7. mgr. 15. gr. Reglugerðar (ESB) 2017/1131)

*2. gr.*

#### Megindlegar og eigindlegar lausafjárkröfur fyrir eignir, sem um getur í 6. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131

- Endurhverf verðbréfasala, eins og um getur í 6. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131, skal uppfylla ríkjandi markaðsstaðla og skilmálar hennar og skilyrði skulu gera rekstraraðilum peningamarkaðssjóða kleift að framfylgja réttindum sínum að fullu komi til vanskila mótaðilans í slíkri sölu eða snemmbærra slita hennar og veita rekstraraðilum peningamarkaðssjóða ótakmarkaðan rétt til að selja allar eignir sem mótteknar eru sem veð.
- Eignirnar sem um getur í 6. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131 skulu sæta frádragi sem samsvarar aðlöguninni vegna óstöðugleika sem um getur í töflum 1 og 2 í 1. mgr. 224. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 fyrir tiltekinn eftirstöðvatíma, að því er varðar fimm daga innlausnartímabil og hæsta mat með tilliti til láns hæfispreps.
- Ef nauðsyn krefur skulu rekstraraðilar peningamarkaðssjóða beita viðbótarfrádragi umfram það sem um getur 2. mgr. Til að meta hvort slíkt viðbótarfrádrag sé nauðsynlegt skulu þeir taka tillit til allra eftirfarandi þátta:
  - láns hæfismats mótaðilans í endurhverfu verðbréfasölunni,
  - áhættutímabils tryggingarfjár eins og skilgreint er í 9. mgr. 272. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

- c) lánshæfismats útgefandans eða eignarinnar sem notuð er sem veð,
- d) eftirstöðvatíma eignanna sem notaðar eru sem veð,
- e) verðflökts eignanna sem notaðar eru sem veð.
4. Að því er varðar 3. mgr. skulu rekstraraðilar peningamarkaðssjóða koma á skýrri frádragsstefnu sem aðlöguð er að hverri eign sem um getur í 6. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131 og móttekin er sem veð. Skjalfesta skal þá stefnu og hún liggja til grundvallar hverri ákvörðun um að beita tilteknu frádragi á virði eignar.
5. Rekstraraðilar peningamarkaðssjóða skulu reglulega endurskoða frádragið sem um getur í 2. mgr. og taka tillit til breytinga á eftirstöðvatíma eignanna sem notaðar eru sem veð. Þeir skulu einnig endurskoða viðbótarfrádragið, sem um getur í 3. mgr., í hvert skipti sem þættirnir sem um getur í þeirri málsgrein breytast.
6. Ákvæði 1.–5. mgr. skulu ekki gilda ef mótaðilinn í endurhverfu verðbréfasölunni er einhver af eftirfarandi:
- a) lánastofnun sem lýtur eftirliti samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB <sup>(1)</sup> eða lánastofnun með starfsleyfi í þriðja landi, að því tilskildu að kröfur um varfærnisefirlit og reglur séu jafngildar þeim sem beitt er í Sambandinu,
- b) verðbréfafyrirtæki sem lýtur eftirliti samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB <sup>(2)</sup>, eða verðbréfafyrirtæki í þriðja landi, að því tilskildu að kröfur um varfærnisefirlit og reglur séu jafngildar þeim sem beitt er í Sambandinu,
- c) váttryggingafélag sem lýtur eftirliti samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB <sup>(3)</sup> eða váttryggingafélag í þriðja landi, að því tilskildu að kröfur um varfærnisefirlit og reglur séu jafngildar þeim sem beitt er í Sambandinu,
- d) miðlægur mótaðili með starfsleyfi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 <sup>(4)</sup>,
- e) Seðlabanki Evrópu,
- f) seðlabanki aðildarríkis,
- g) seðlabanki þriðja lands, að því tilskildu að kröfur um varfærnisefirlit og reglur sem beitt er í því landi hafi verið viðurkenndar sem jafngildar þeim sem beitt er í Sambandinu í samræmi við 7. mgr. 114. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

### 3. KAFLI

#### LÁNSHÆFISMATSVIÐMIÐANIR

(Ákvæði 22. gr. Reglugerðar (ESB) nr. 2017/1131)

#### 3. gr.

#### **Viðmiðanir til að sannprófa innri aðferðafræði við lánshæfismatið sem um getur í 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131**

1. Rekstraraðilar peningamarkaðssjóða skulu sannprófa aðferðafræðina við lánshæfismat sem um getur í 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131, að því tilskildu hún uppfylli allar eftirfarandi viðmiðanir:
- a) innri aðferðafræði við lánshæfismatið er beitt á kerfisbundinn hátt að því er varðar ólíka útgefendur og gerninga,
- b) innri aðferðafræði við lánshæfismatið er studd nægjanlegum fjölda viðeigandi eigindlegra og megindlegra viðmiðana,

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjútíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjútíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjútíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

- c) eigindleg og megingindleg inntaksgögn innri aðferðafræði við lánshæfismatið eru áreiðanleg og stærð gagnaúrtaka er viðeigandi,
  - d) fyrri innri lánshæfismöt sem gerð voru með því að nota innri aðferðafræði við lánshæfismatið hafa verið endurskoðuð á tilhlýðilegan hátt af rekstraraðilum peningamarkaðssjóðanna sem um er að ræða, til að ákvarða hvort aðferðafræðin við lánshæfismatið sé hentugur vísir fyrir lánshæfi,
  - e) innri aðferðafræði við lánshæfismatið inniheldur stýringar og ferla fyrir þróun hennar og tengdar viðurkenningar, sem gerir ráð fyrir viðeigandi sannprófun,
  - f) innri aðferðafræði við lánshæfismatið inniheldur þætti sem rekstraraðilar peningamarkaðssjóða telja eiga við til að ákvarða lánshæfi útgefanda eða gernings,
  - g) í innri aðferðafræði er lykilsforsendum lánshæfis og viðmiðunum sem styðja þær beitt með kerfisbundnum hætti við gerð allra lánshæfismata nema þegar gild ástæða er fyrir að víkja frá þessari kröfu,
  - h) innri aðferðafræði við lánshæfismatið inniheldur verklagsreglur til að tryggja að viðmiðanirnar sem um getur í b-, c- og g-liðum sem styðja viðkomandi þætti í innri aðferðafræði við lánshæfismatið séu af áreiðanlegum gæðum og eigi við um útgefandann eða gerninginn sem verið er að meta.
2. Sem hluta af sannprófunarferlinu á innri aðferðafræðinni við lánshæfismatið skulu rekstraraðilar peningamarkaðssjóða meta hve næm aðferðafræðin er fyrir breytingum í undirliggjandi forsendum og viðmiðunum er varða lánshæfi.
3. Rekstraraðilar peningamarkaðssjóða skulu setja upp ferla til að tryggja að sérhver frávik eða annmarkar sem koma í ljós við afturvirknu prófunina sem um getur í 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131 séu tilgreind og meðhöndluð á viðeigandi hátt.
4. Innri aðferðafræði við lánshæfismatið sem um getur í 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131 skal:
- a) notuð áfram, nema þegar hlutlægar ástæður eru til að ætla að breyta þurfi eða afleggja innri aðferðafræðina við lánshæfismat,
  - b) tafarlaust geta tekið inn niðurstöðu úr yfirstandandi vöktun eða endurskoðun, einkum þegar breytingar á samsetningu þjóðhagslegra eða fjárhagslegra markaðsskilyrða gætu haft áhrif á lánshæfismat sem fengið er með því að nota þessa innri aðferðafræði við lánshæfismat,
  - c) gera mögulegt að bera saman fyrri innri lánshæfismöt.
5. Bæta skal tafarlaust innri aðferðafræði við lánshæfismatið sem um getur í 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131 ef einhver endurskoðun, þ.m.t. sannprófun, sýnir að hún er ekki hentug til að tryggja kerfisbundið mat á lánshæfi.
6. Í innri lánshæfismatsaðferðinni skal tilgreina fyrirfram við hvaða aðstæður innra lánshæfismatið telst vera jákvætt.

4. gr.

**Viðmiðanir til að mæla útlánaáhættu, og hlutfallslega vanskilaáhættu útgefandans og gerningsins eins og um getur í a-lið 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131**

1. Viðmiðanirnar til að mæla útlánaáhættu útgefanda og hlutfallslega vanskilaáhættu útgefanda og gerningsins sem um getur í a-lið 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131 skulu vera eftirfarandi:
- a) upplýsingar um verðlagningu skuldabréfs, þ.m.t. vaxtaálag og verðlagningu sambærilegra gerninga með fasta ávöxtun og tengdra verðbréfa,
  - b) verðlagning peningamarkaðsgerninga sem varða útgefandann, gerninginn eða atvinnugreinina,
  - c) upplýsingar um verðlagningu skuldatryggingar, þ.m.t. skuldatryggingarálög fyrir sambærilega gerninga,
  - d) vanskilatölfræði að því er varðar útgefandann, gerninginn eða atvinnugreinina,

- e) fjárhagsvísitölur að því er varðar landfræðilega staðsetningu, atvinnugreinina eða eignaflokk útgefandans eða gerningsins,
  - f) fjárhagsupplýsingar að því er varðar útgefandann, þ.m.t. arðsemihlutföll, þekjuhluftfall vaxta, vogunarbreytur og verðlagningu nýrra útgáfna, þ.m.t. tilkomu fleiri víkjandi verðbréfa.
2. Ef nauðsyn krefur og við á skulu rekstraraðilar peningamarkaðssjóða beita viðbótarviðmiðunum umfram þær sem um getur 1. mgr.

5. gr.

**Viðmiðanir til að koma á eiginlegum vísu í tengslum við útgefanda gerningsins sem um getur í b-lið 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131**

1. Viðmiðanirnar til að koma á eiginlegum vísu í tengslum við útgefanda gerningsins sem um getur í b-lið 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131 skulu vera eftirfarandi:
- a) greining á öllum undirliggjandi eignum sem að því er áhættuskuldbindingu vegna verðbréfunar varðar skal ná yfir útlánaáættu útgefandans og undirliggjandi eigna,
  - b) greining á öllum skipulagslegum þáttum viðeigandi gerninga sem útgefandi gefur út, sem fyrir samsetta fjármálagerninga skal ná yfir greiningu á innbyggðri rekstrar- og mótaðilaáættu samsetta fjármálagerningsins,
  - c) greining á viðkomandi markaði/mörkuðum, þ.m.t. magn og seljanleika á þessum mörkuðum,
  - d) greining á ríkjum, þ.m.t. umfang beinna og skilyrtra skulda og stærð gjaldeyrisvaraforða í samanburði við skuldir í erlendum gjaldeyri,
  - e) greining á stjórnunaráættu sem varðar útgefandann, þ.m.t. svikum, háttsemisektum, málaferlum, leiðréttingum reikningsskila, óvenjulegum liðum, starfsmannaveltu á stjórnunarstigi, samþjöppun lántaka og gæðum endurskoðunar,
  - f) verðbréfatengd rannsókn á útgefandanum eða markaðsgeiranum,
  - g) þar sem við á, greining á lánshæfismati eða -horfum sem útgefandi gernings fær hjá lánshæfismatsfyrirtæki sem skráð er hjá evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og valið af rekstraraðila peningamarkaðssjóðs, ef hentugt fyrir hið tiltekna fjárfestingasafn peningamarkaðssjóðsins.
2. Ef nauðsyn krefur og við á skulu rekstraraðilar peningamarkaðssjóða beita viðbótarviðmiðunum umfram þær sem um getur 1. mgr.

6. gr.

**Viðmiðanir til að koma á eiginlegum útlánaáættuvísu í tengslum við útgefanda gerningsins sem um getur í b-lið 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131**

Að svo miklu leyti sem mögulegt er skulu rekstraraðilar peningamarkaðssjóða meta eftirfarandi eiginlegar útlánaáættuviðmiðanir fyrir útgefanda gernings:

- a) fjárhagsstöðu útgefandans eða, eftir atvikum, ábyrgðaraðilans,
- b) uppsprettu lausafjár útgefandans eða, eftir atvikum, ábyrgðaraðilans,
- c) getu útgefandans til að bregðast við atburðum í framtíðinni sem snerta markaðinn allan eða tengjast útgefandanum sérstaklega, þ.m.t. getuna til að endurgreiða skuld við mjög óhagstæðar aðstæður,
- d) styrkleika atvinnugreinar útgefandans innan hagkerfisins miðað við efnahagsþróun og samkeppnisstöðu útgefandans innan sinnar atvinnugreinar.

7. gr.

**Horft framhjá niðurstöðu innri aðferðafræði**

1. Rekstraraðilar peningamarkaðssjóða geta eingöngu í undantekningartilvikum hunsað niðurstöðu innri aðferðafræði við lánshæfismat, þ.m.t. við erfiðar markaðsaðstæður og þegar málefnaleg ástæða er til að gera það. Rekstraraðilar peningamarkaðssjóða sem hunsu niðurstöðu innri aðferðafræði við lánshæfismat skulu skjalfesta þá ákvörðun.
2. Sem hluta að skjalfestingarferlinu sem um getur í 1. mgr. skulu rekstraraðilar peningamarkaðssjóða tilgreina einstaklinginn sem ábyrgur er fyrir ákvörðuninni sem og hina málefnalegu ástæðu fyrir þeirri ákvörðun.

## 8. gr.

**Veruleg breyting, eins og um getur í d-lið 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131**

1. Veruleg breyting eins og um getur í d-lið 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131 verður þegar:
  - a) veruleg breyting á sér stað að því er varðar eitthvert af eftirfarandi:
    - i. upplýsingar um verðlagningu skuldabréfs, þ.m.t. vaxtaálag og verðlagningu sambærilegra gerninga með fasta ávöxtun og tengdra verðbréfa,
    - ii. upplýsingar um verðlagningu skuldatryggingar, þ.m.t. skuldatryggingarálög fyrir sambærilega gerninga,
    - iii. vanskilatölfræði að því er varðar útgefandann eða gerninginn,
    - iv. fjárhagsvísitölur að því er varðar landfræðilega staðsetningu, atvinnugreinina eða eignaflokk útgefandans eða gerningsins,
    - v. greiningu undirliggjandi eigna, einkum fyrir samsetta gerninga,
    - vi. greiningu á viðkomandi markaði/mörkuðum, þ.m.t. magni og seljanleika,
    - vii. greiningu á skipulagsþáttum viðkomandi gerninga,
    - viii. verðbréfatengda rannsókn,
    - ix. fjárhagsstöðu útgefandans,
    - x. uppsprettu lausafjár útgefandans,
    - xi. getu útgefandans til að bregðast við viðburðum á markaðnum í framtíðinni eða sem tengjast honum sérstaklega, þ.m.t. getuna til að endurgreiða skuld við mjög óhagstæðar aðstæður,
    - xii. styrkleika atvinnugreinar útgefandans innan hagkerfisins miðað við efnahagsþróun og samkeppnisstöðu útgefandans innan sinnar atvinnugreinar,
    - xiii. greiningu á lánshæfismati eða -horfum sem útgefandi eða gerningur fær frá lánshæfismatsfyrirtæki eða -fyrirtækjum sem valið er af rekstraraðila peningamarkaðssjóðsins og hentugt er fyrir hið tiltekna fjárfestingasafn peningamarkaðssjóðsins,
  - b) peningamarkaðsgerningur, verðbréfun eða eignatryggt skammtímabréf er færnt niður um flokk og lendir neðar en tvö hæstu skammtímalánshæfismötin sem veitt eru af lánshæfismatsfyrirtæki sem er eftirlitsskylt og vottað í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 <sup>(1)</sup>.
2. Rekstraraðilar peningamarkaðssjóða skulu meta hina verulegu breytingu á viðmiðununum sem um getur í a-lið 1. mgr. með því að taka til athugunar áhættuþætti og niðurstöður álagsprófssviðsmynda sem um getur í 28. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131.
3. Að því er varðar b-lið 1. mgr. skulu rekstraraðilar peningamarkaðssjóða koma á innra verklagi fyrir val á lánshæfismatsfyrirtækjum sem hentugt er fyrir hið tiltekna fjárfestingasafn hlutaðeigandi peningamarkaðssjóðs og fyrir ákvörðunina á vöktunartíðni peningamarkaðssjóðsins á lánshæfismötum þessara matsfyrirtækja.
4. Rekstraraðilar peningamarkaðssjóða skulu taka tillit til færslu niður um flokk, eins og um getur í b-lið 1. mgr., og því næst gera eigið mat samkvæmt innri aðferðafræði þeirra við lánshæfismat.
5. Endurskoðunin á innri aðferðafræði við lánshæfismatið skal teljast veruleg breyting, eins og um getur í d-lið 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131, nema þegar rekstraraðilar peningamarkaðssjóða geta rökstutt að breytingin sé ekki veruleg.

## 9. gr.

**Megindlegar og eigindlegar lánshæfiskröfur fyrir eignir sem um getur í a-lið 6. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131**

Rekstraraðilar peningamarkaðssjóða skulu beita ákvæðum 3.–8. gr. þessarar reglugerðar þegar lánshæfi seljanlegra, fram-seljanlegra verðbréfa eða peningamarkaðsgerninga sem um getur í a-lið 6. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131 er metið.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1).

*10. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. júlí 2018, að undanskilinni 1. gr. sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 10. apríl 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---